um vissan tíma, verður, ef þörf gjörist, eins og beiðandi æskir, að láta málið ganga til dóms og laga. 1855. 13. septbr.

---

43. Brjef innanríkisstjórnarinnar til byskups um jarðamatsnefndina[1]. 27. septbr.

Konungsfulltrúi á hinu síðasta alþingi Melsteð amtmaður hefur, um leið og hann skýrði frá að alþingi hefði fallizt á frumvarp stjórnarinnar, er fyrir það var lagt, um meðferð jarðamatsmálsins, og að síðan samkvæmt frumvarpinu hefði verið kosin nefnd og væru í henni kanselíráð, land- og bæjarfógeti V. Finsen, er væri forseti, og þeir er alþingi hefði kosið: Jón Pjetursson, landsyfirrjettardómari og Jón Guðmundsson lögfræðingur í dönskum lögum, eptir ósk nefndarinnar, beðið stjórnina um að það verði boðið yfirvöldunum á Íslandi að útvega nefndinni þær skýrslur um jarðamatið, er hún vildi fá og áliti nauðsynlegar til að koma málinu í lag.

Sökum þessa vildi jeg þjónustusamlega biðja yður háæruverðugi herra að bjóða próföstunum á Íslandi að útvega skýrslur þær um jarðamatið, er nefnd sú, er áður er getið, kynni að æskja og senda yður þær, svo að þjer síðan getið fengið nefndinni þær í hendur.

---

44. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í norður og austurumdæminu um málið á skjölum sem send eru til stjórnarinnar[2]. 18. októbr.

Eins og sjest af meðfylgjandi brjefi frá sýslumanni Arnesen kammerráði 6. júlí þ. á., hefur nefndur embættismaður spurt

1) áþekk brjef eru sama dag skrifuð stiptamtmanni og amtmönnum, um að bjóða sýslumönnum að útvega og senda nefndinni skýrslur um jarðamat.

2) sbr. brjef innanríkisstjórnarinnar 14. júlí 1854.

1855. um, hvort reglur þær, er boðnar eru í brjefi stjórnarráðsins 14.
18. októbr. júlí f. á., um að skrifa á dönsku í þeim málum sem send eru frá Íslandi til stjórnarráðanna, nái einnig til ágreinings þess, er komið getur á milli einstakra hreppa um framfærslu sveitarómaga er borið er undir úrskurð stjórnarinnar, eða hvort að það sje ekki nóg, að sýslumaður skýri á dönsku frá málavöxtum, í stað þess að snúa á dönsku öllum fylgiskjölunum, sem eru á íslenzku og send eru til stjórnarinnar.

Þessu til svars vil jeg ekki undan fella, til vitundar og auglýsingar fyrir sýslumanni Arnesen, að skýra yður frá, að eins og regla sú, sem fyrir er skipuð í áminnstu stjórnarbrjefi, að embættismenn, „þegar þeir senda eitthvert mál til stjórnarráðanna, og þess þarf við að senda með þeim álitsskjöl, sem skrifuð eru á íslenzku, skuli þeir og senda staðfesta útleggingu á þeim", er öldungis almenn, og nær þannig einnig til þeirra mála, er snerta ómagaframfærslu, svo virðist stjórninni því síður ástæða til að skilja þetta undan, þegar þess konar mál eru send til úrskurðar stjórnarráðsins, sem mál þessi, eptir því sem reynslan hefur sýnt, eru mjög fá.

---

19. októbr. **45. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í norður og austurumdæminu um nýja brjefberaferð milli Reykjavíkur og Akureyrar.**

Eptir að stjórnin 4. desember f. á. hafði beðið um álit herra amtm. um það, hvort ekki mætti svo auka brjefberaferðir milli Reykjavíkur og Akureyrar, að brjefberinn færi einnig í maímánuði frá Akureyri til Reykjavíkur, er gæti farið þangað með brjef til að senda með brjefaduggunni, er siglir aptur frá Íslandi í maímánuði, og tekið aptur með sjer þau brjef, er um sama leyti voru komin frá Danmörku, og um það, hvort ekki mætti koma þessari ráðstöfun á með þeim fjárefnum, sem fyrir hendi eru, hafið þjer í þóknanlegu brjefi 10. júlí næstliðinn mælt með, að ráðstöfun þessi, er þjer ætlið að gjörð verði með